



Námsgrein: Danska

Kennsluaðferðir og skipulag:

Danska er kennd 3 kennslustundir á viku auk eins svæðatíma. Unnið er með sem flesta þætti tungumálsins; lesskilning, málnotkun, skilning á mæltu máli, ritun og málfræði. Stuðst er við kennslubókina TAK ásamt vinnubók B. Auk þess er lesin ein stytt skáldsaga og fjölbreyttir texta. Horft er á danska þætti, bæði leikna og heimildarþætti auk danskra kvikmynda. Nemendur eru hvattir til að nota tungumálið í samskiptum.

Hæfniviðmið	Námsefni	Námsmat	Tímabil
Hlustun			
Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti.	Hlustað á ýmiskonar efni úr fjölmiðlum og tengdu námsefni.	Metin einstök verkefni sem nemendur vinna.	
Fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt.	Hlustað á ýmiskonar efni úr fjölmiðlum og tengdu námsefni.		
Lesskilningur			

Skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra.	Margvíslegir textar, bæði úr fjölmiðlum og námsefni.	Kannanir úr orðaforða og efnispáttum.	
Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu	Margvíslegir textar, bæði úr fjölmiðlum og námsefni.	Ýmis verkefni sem tengjast textalestri á hverjum tíma.	
Lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómsundur og ferðalög.	Stuttar skáldsögur og samtímatextar úr blöðum og tímaritum auk ferðabæklinga o.fl.	Próf úr efni skáldsögu. Kannanir á skilningi á öðrum textum á ýmsu formi.	
Samskipti			
Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf	Stuttar samtalsæfingar í tengslum við það efni sem unnið er með hverju sinni.		
Notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal	Stuttar samtalsæfingar í tengslum við það efni sem unnið er með hverju sinni.		
Frásögn			
Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.	Nemendur vinna ýmis verkefni, bæði einstaklingslega og í hópum. Unnið með þemu sem gjarnan er lokið með stuttum kynningum, stuttmyndum eða á öðru formi.	Frammistaða í hópavinnu metin. Verkefni sem unnin eru í tengslum við námsefnið/þemu metin með mismunandi hætti.	
Ritun			

Sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.	Stuttar ritunaræfingar um efni tengt námsefni á hverjum tíma.		
Lýst atburðarás eða því sem hann hefur upplifað og notað orðaforða sem lýsir þróun, hraða, eftirvæntingu o.s.frv.	Stytttri ritunarverkefni, handritsgerð fyrir stuttmyndir o.fl.		
Menningarlæsi			
Sýnt fram á að hann þekkir til siða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu.	Kynntar hefðir og venjur í Danmörku og á Norðurlöndunum. Sérstaklega kynntar hefðir tengdum stórhátíðum, s.s. jólum.		
Sýnt fram á að hann áttar sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.	Fjallað um skyldleika indóevrópskra mála og málaættir á Norðurlöndunum og í Norður-Evrópu.		